

# Evrópska efnhagssvæðið (EES)

Upplýsingarit

Júlí 2001



Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB

**Samskipti** Íslands og Evrópusambandsins ráðast fyrst og fremst af samningnum um Evrópska efnhagssvæðið (EES). EES samningurinn gefur Íslandi aðgang að svokölluðum innri markaði ESB og þátttöku í ýmsum upplýsingar og styrktaráætlunum sem nýtast íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Rúmlega 60% af útflutningi Íslendinga fer til ESB ríkja (66% til ríkja EES) og 58% innflutnings er frá ESB (70% frá EES ríkjum). EES-samningurinn veitir ekki fullan aðgang að innri markaðinum þar sem hann tekur m.a. ekki til sjávarafurða og landbúnaðarafurða og hann nær ekki til annarra þátta ESB samstarfsins svo sem utanríkismála og innanríkis- og dómsmála.

## Höfuðmarkmið einsleitt markaðssvæði

Eins og önnur aðildarríki EFTA hafði Ísland tvíhliða fríverslunarsamning við Evrópusambandið frá 1. janúar 1973 en sá samningur náði aðeins til takmarkaðs hluta viðskipta á milli Íslands og aðildarríka ESB. Með Einingarlögum Evrópu (Single European Act) árið 1987 lagði ESB fram áætlun um fjórfrelsið svokalla (frjálst flæði á vörum, þjónustu, fjármagni og frjálstan atvinnu- og búseturétt) og hætta var á að EFTA ríkin gætu mætt hindrunum í viðskiptum við sambandið.

Samningurinn um Evrópska efnhagssvæðið (EES) var undirritaður árið 1992 en tók ekki gildi fyrr en 1994.

Höfuðmarkmið EES samningsins er einsleitt markaðssvæði sem nær yfir aðildarríki ESB og EFTA. Í því felast ekki aðeins frjáls viðskipti og sameiginleg réttindi heldur einnig, að vissu marki, sameiginlegar reglur á ýmsum sviðum til að tryggja sanngjarna samkeppni, neytendavernd, vernd umhverfisins, lágmarks félagsleg réttindi o.s.frv. Ennfremur fá Íslendingar þátttökurétt í ýmsum upplýsinga- og styrktaráætlunum ESB svo sem rammaáætlunum um rannsóknir og þróun.

## Umfang og virkni samningsins

EES samningurinn er umfangsmikill og mælir fyrir um nokkuð flókið net samskipta. Samningurinn er í stöðugri þróun þar sem hann breytist með breytingum sem verða á reglum ESB um innri markaðinn.

EES samningurinn tekur til innri markaðarins, svokallaðrar „stoðar 1“ í ESB. Sjávarútvegur, landbúnaður, viðskiptasamskipti ESB við önnur ríki, tollabandalagið og efnahags- og myntbandalagið (EMU) standa þó utan EES samningsins. Einnig utanríkismál (stoð 2) og samstarf í innanríkis- og dómsmálum (stoð 3). Samningurinn mælir fyrir um sameiginlega stofnanir, sameiginlegu EES-nefndina, fastanefnd EFTA, EES-ráðið og þingmannanefnd EES og stofnanir EFTA; eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og EFTA dómstólinn.

EES-samningurinn:  
129 greinar samningsins skilgreina samstarfið  
22 viðaukar sem innihalda rúmlega 2000 gerðir  
49 bókanir með undanþágum / sérstökum skilyrðum

**EES-samningurinn felur m.a. í sér:**

Frjáls viðskipti með iðnvarning, frjáls þjónustuviðskipti, frjáls fjármagnsviðskipti og frjálsan atvinnu- og búseturétt.

Sameiginlegar samkeppnisreglur m.a. um takmörkun ríkisstyrkja og afnám einokunar á ýmsum sviðum.

Opin útboð opinberra stofnana á öllu svæðinu.

Samvinnu m.a. um neytendavernd, vernd vistkerfisins, öryggi á vinnustöðum, félagsmál og rannsóknir og þróun.

Sameiginlega stofnun fyrir ákvarðanatöku, EES nefndina.

Stofnanir EFTA: Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og EFTA dómstólinn.

**EES-samningurinn inniheldur ekki:**

Aðild að stofnunum ESB svo sem ráðherraráðinu, Evrópuþinginu, Evrópuþingráðgjafaráðinu eða framkvæmdastjórn ESB.

Verslun með sjávarafurðir eða landbúnaðarvörur – sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB og landbúnaðarstefnu ESB.

Sameiginlega stefnumótun í viðskiptum gagnvart öðrum ríkjum, s.s. þátttöku í tollabandalagi ESB eða þróunaraðstoð ESB.

Samstarf í byggðamálum (Regional policy).

Samstarf í efnahgs- og peningamálum.

Samstarf í skattamálum.

Samstarf í utanríkis- og öryggismálum.

Samstarf í innanríkis- og dómsmálum.

Eins og fyrr segir er EES-samningurinn „dynamískur“. Hann breytist eftir því sem starf ESB í þeim málum sem snerta samninginn þróast.

## Samstarf EFTA og ESB.

Samstarf ESB og EFTA/EES ríkjanna á sér aðallega stað í gegnum svokallaða sameignlega EES-nefnd og samstarf Fastanefndar EFTA, Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og Framkvæmdastjórnar ESB. Auk þess á sér stað mikilvægt pólitískt samráð ráðherra, alþingismanna og ýmissa hagsmunaaðila.

Með EES samþykktu EFTA/EES ríkin að taka við gildandi ESB reglum á þeim sviðum sem samningurinn tekur til. Ennfremur var samið um samráð við EFTA/EES ríkin um reglur sem settar yrðu í framtíðinni. Samráðið felur m.a. í sér að EFTA/EES ríkin Ísland, Noregur og Liechtenstein fá upplýsingar um reglur og aðgerðir sem eru í bígerð og geta snert EES-samninginn og hafa tækifæri til að hafa áhrif á reglurnar. Eftir að ESB hefur afgreitt nýjar reglur sem snerta þau svið sem EES-samningurinn nær til eru þær lagðar fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Ef hún samþykkir viðkomandi gerð fær hún gildi í EFTA/EES ríkjunum með fyrirvara um skilyrði stjórnskipunarréttar hvers ríkis.

## Pólitískt samráð

Evrópusambandið og EFTA/EES ríkin eiga reglulega viðræður um framgang EES-samningsins og ýmis pólitísk og efnahagsleg málefni sem snerta aðildarríkin. Ráðherrar frá ríkjunum og fulltrúar frá framkvæmdastjórn ESB hittast í svokölluðu EES ráði (EEA Council) tvisvar á ári. Alþingismenn frá EFTA/EES ríkjunum og Evrópuþinginu hittast einnig tvisvar á ári í þingmannanefnd EES (EEA Joint Parliamentary Committee) og fulltrúar aðila vinnumarkaðarins ræðast við í ráðgjafanefnd EES (EEA Consultative Committee).

## **Sameiginlega EES- nefndin (EEA Joint Committee)**

Það er á vettvangi EES-nefndarinnar sem daglegar samræður EFTA/EES ríkjanna og ESB eiga sér stað, fjallað er um álitamál og teknar ákvarðanir um hvaða gerðir ESB taka til EES-samningsins og hvort þær séu ásættanlegar fyrir EFTA/EES ríkin – með fyrirvara um samþykki lögbinga ríkjanna. Nefndin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði. Yfirleitt koma sendirherrar Íslands, Noregs og Liechtenstein gagnvart ESB fram fyrir hönd sinna ríkisstjórna og hátt settur embættismaður fyrir hönd ESB. EES nefndin hefur fimm undirnefndir sem starfa að staðaldri. Þær eru: Nefnd um frjálsa vöruviðskipti, nefnd um frjáls þjónustu og fjármagnsviðskipti, nefnd um frjálsan atvinnu- og búseturétt, nefnd um mál sem falla utan svokallaðs fjórfrelsis og nefnd um stofnanir og lagaleg álitamál. Einnig hefur hún fjölmarga vinnuhópa á sínum snærum, svosem vinnuhóp um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina.

Eftir að ESB hefur afgreidd nýjar reglur, sem snerta þau svið sem EES-samningurinn nær yfir, eru þær lagðar fyrir EES-nefndina. Ef EES-nefndin samþykkir viðkomandi gerð þá fær hún gildi í EFTA/EES ríkjum með fyrirvara um skilyrði stjórnskipunarréttar hvers ríkis. Reglur sem snerta Evrópska efnahagssvæðið verða þannig ekki að innanlandsrétti á Íslandi fyrr en þær hafi verið teknar upp í samræmi við reglur íslenskrar stjórnskipunar. Þar er í meginatriðum um tvennt að ræða, lagasetningu á Alþingi eða setningu reglugerða eða annars konar stjórnvaldsfyrirmæla.

## **Fastanefnd EFTA-ríkjanna (Standing Committee of the EFTA States)**

Fastanefnd EFTA-ríkjanna er einn mikilvægasti samáðs- og samstarfsvettvangur EFTA/EES ríkjanna, Íslands, Noregs og Liechtenstein. Í

nefndinni er fjallað um mál sem koma til umræðu í sameiginlegu EES-nefndinni og EES-ráðinu þannig að ríkin þekki hagsmuni hvers annars og geti komið sameinuð fram gagnvart ESB. Sömu aðilar og sitja fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir hönd EFTA/EES ríkjanna hittast í fastanefndinni. Fastanefndin kemur saman fyrir alla fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar. Á vegum fastanefndarinnar eru fimm undirnefndir og fjöldi vinnuhópa, sem samsvara undirnefndum og vinnuhópum sameiginlegu EES-nefndarinnar.

## **Samráð í nefndum**

EFTA/EES ríkin, Ísland, Noregur og Liechtenstein, eiga skoðanaskipti við fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar um nýjar reglur sem snerta EES-samninginn. Framkvæmdastjórn ESB ber að íhuga vel tillögur frá EFTA/EES ríkjum um nýja löggjöf og ESB ber skylda til að senda EFTA/EES ríkjum upplýsingar um reglur sem eru í bígerð snemma á undirbúningsstiginu svo þau hafi tækifæri til að skoða tillögurnar, bera þær saman við gildandi rétt og móta afstöðu gagnvart þeim. Sérfræðingar EFTA/EES ríkjanna taka þátt í fjölda ráðgefandi nefnda ESB og hafa þar tækifæri til að hafa áhrif á tillögur að nýjum reglum. Þeir hafa þó ekki atkvæðarétt. Þetta samráð er mjög mikilvægt fyrir alla aðila þar sem viðkomandi reglum er ætlað að ná til alls Evrópska efnahagssvæðisins.

## **Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority - ESA)**

Sameiginlegar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu eru settar m.a. til að tryggja samkeppni og veita fólki og fyrirtækjum ýmis réttindi innan svæðisins. Eftirlitsstofnun EFTA hefur eftirlit með því að reglum EES sé fylgt á Íslandi, í Noregi og Liechtenstein auk þess sem hún annast ýmis stjórnsýslustörf. Eftirlitsstofnun EFTA er ætlað að tryggja að EFTA/EES ríkin standi við skuldbindingar sínar

samkvæmt EESsamningnum og að fyrirtæki fari að reglum um virka samkeppni. Stofnunin getur rannsakað meint brot, annaðhvort að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvartana. Ef ríki lætur hjá líða að leiða EES reglur í landslög, eða beita þeim rétt, hefur stofnunin afskipti af því. ESA getur síðan hafið formlega málsmeðferð og á lokastigi málsmeðferðar vísað málinu til EFTA-dómstólsins.

## EFTA dómstóllinn (EFTA Court)

EFTA dómstóllinn situr í Luxemborg og í honum sitja þrjú dómara, frá Íslandi, Noregi og Liechtenstein. EFTA/EES ríkin koma sér saman um skipan dómara til sex ára í senn og þeir velja forseta úr sínum hópi til tveggja ára í senn. Dómstóllinn hefur, ásamt ESA mikilvægt hlutverk í að tryggja framkvæmd EES samningsins á Íslandi, í Noregi og Liechtenstein. Dómstólar í þessum þremur ríkjum geta leitað ráðgefandi álits EFTA dómstólsins um mál sem snerta túlkun EES-reglna. Auk þessa dæmir dómstóllinn um gildi ákvarðana ESA og í deilumálum sem kunna að rísa á milli EFTA/EES ríkja.

## Tækifæri íslenskra fyrirtækja til þátttöku í styrktar- og upplýsingaáætlunum ESB

Beinn ávinningur íslenskra fyrirtækja af samningnum um EES felst ekki aðeins í auknum viðskiptum, afnámi hafta á atvinnulífi og tækifærum sem skapast hafa með frjálsu flæði á vörum, fjármagni, þjónustu og vinnuafli heldur einnig í möguleikanum á þátttöku í fjölmörgum samstarfsáætlunum ESB. Samstarfsáætlanirnar hafa þegar stórukið veltu í rannsóknum og þróun á Íslandi og ýtt mjög undir samskipti á milli fyrirtækja og stofnana á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum. Um þessar mundir gefst íslenskum fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum kostur á að taka þátt í um 20 samstarfsáætlunum ESB á ýmsum sviðum. Þekktastar samstarfsáætlananna eru svokallaðar rammáætlanir um rannsóknir og þróun.

### Taflan tilgreinir ESB ríkin, EFTA ríkin og ríki sem sótt hafa um aðild að ESB.

ESB ríki	EFTA ríki í EES	EFTA ríki utan EES	Ríki sem sótt hafa um aðild að ESB
Austurríki	Ísland	Sviss*	Eistland
Belgía	Noregur		Kýpur
Bretland	Liechtenstein		Pólland
Danmörk			Slóvenía
Finnland			Tékkland
Frakkland			Ungverjaland
Grikkland			Búlgaría
Holland			Lettland
Írland			Litháen
Ítalía			Slóvakía
Lúxemborg			Rúmenía
Spánn			Malta
Svíþjóð			Tyrkland**
Portúgal			
Þýskaland			

- \* Svisslendingar felldu aðild að Evrópska efnhagssvæðinu í þjóðaratkvæðagreiðslu.
- \*\* Aðildarviðræður standa yfir við önnur ríkin sem sótt hafa um aðild utan Tyrklands.

## Krækjur

Um EES á vef íslenska utanríkisráðuneytisins  
<http://brunnur.stjr.is/interpro/utanr/utanrad.nsf/pages/ees>

Vefur EFTA  
<http://www.efta.int/structure/main/index.html>